

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

---

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, þriðjudaginn 17. desember 2018, og hófst kl: 17:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Jón Jóhannsson, Slökkviliðsstjóri, Magnús Valur Ómarsson (Blb.) og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 17:05, og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, eftir síðasta fund.

### 2. Fjárhagsáætlun 2019

Fjárhagsáætlun fyrir Byggðasamlag um brunavarnir í A – Hún., fyrir 2019 lá fyrir og hafði verið sent á stjórnarmenn fyrir fundinn. Farið var stuttlega yfir áætlunina og forsendur hennar, en hún hafði verið uppfærð af aðalbókara Blönduósbæjar, með aðkomu slökkviliðstjóra og framkvæmdarsjóra Bs.bv. Helstu breytingar frá fyrra ári eru hækkunir á launalið, m.a., vegna hækkaðs starfshlutfalls slökkviliðstjóra, auk kjarasamninga. *Áætlun 2019, samþykkt.*

### 3. Umsóknir um starf slökkviliðstjóra.

Valdimar upplýsti að tvær umsóknir hefðu borist um stöðu Slökkviliðstjóra sem auglýst hefði verið í nóvember, en umsóknarfrestur rann út 16/12. '18. Farið var vandlega yfir þau gögn sem bárust með umsóknum, og ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri muni, m.a. á næstu dögum hafa samband við meðmælendur og kanna betur bakgrunn umsækjenda og boða síðan til viðtals í samráði við stjórnarmenn og umsækjendur, í fyrstu viku árs 2019. *Stjórn Brunavarna A – Hún, fagnar því að hafa fengið tvær góðar umsóknir.*

### 4. Önnur mál:

Rætt um að stjórn yrði boðuð saman, þegar úrvinnslu umsókna væri lokið.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 17:45-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson ( sign),

Jón Jóhannsson (sign), Magnús Valur Ómarsson ( sign ),

*Blönduósi 17. desember 2018.*

*Valdimar O Hermannsson (sign)*

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

---